

Steingrímur J. Sigfússon: Ágengt framkvæmdavald færir sig stöðugt upp á skaftið

„Ég hef áhyggjur af stöðu Alþingis. Í samskiptum þess við ágengt framkvæmdarvald sem hefur sífellt verið að færa sig upp á skaftið hin síðari ár og lítur í æ ríkari mæli á Alþingi sem hreina afgreiðslustofnun, sem raðafgreiðslustofnun, sem færiband fyrir mál sín hér í gegn, oftar en ekki með flýtimeðferð. Það getur enginn eða ætti a.m.k. enginn að gleðjast yfir þessari niðurstöðu. Það gerum við ekki, vinstri græn, sem erum ofurlíði borin í tilraunum okkar til að verja það sem við teljum vera vígstöðu stjórnarandstöðu, rétt og sjálfstæði þingsins og þingmanna, þar á meðal til ásættanlegs málfrelsis. Þingskapameirihlutinn ætti ekki heldur að gleðjast. Skamma stund verður hönd höggi feigin. Síðastur allra ætti forseti Alþingis að gleðjast.“

- Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna á Alþingi 14. desember 2007 um atkvæðagreiðslu um ný þingskaparlög